

Árstíðabundin búseta og auðlindanýting á Selströnd á Ströndum.

Fornleifarannsókn á Hvítsöndum



Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.

Reykjavík 2024

FS919-22191



ARKEOLOGISK
MUSEUM
University of Stavanger

Forsíðumynd: Fiskiskálinn á Hvítsöndum

(Myndataka: Lísabet Guðmundsdóttir)

Fornleifastofnun Íslands 2022

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): *202106-0102*

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): *2022-49*

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: *Ekki skráð*

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):

Tegund rannsóknar (framkvæmdarannsókn, vísindarannsókn, björgunarrannsókn, framkvæmdaefirlit): *Vísindarannsókn*

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: *Tyrft var yfir uppgriftarsvæðin.*

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla): *Hvítsandar, Bjarnarnes, Kaldrananeshreppur, Strandasýsla*


GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis): *X:3927714 Y:584519*

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar): *04.09.2022-17.09.2022*

Leyfishafi: *Lisabet Guðmundsdóttir*

Fjöldi starfsmanna: *5*

Staðsetningarkort



Útdráttur

Sjávarauðlindir hafa ávallt skipt sköpum fyrir lífsafkomu og efnahag þjóðarinnar. Rannsóknir á Selströnd á Ströndum hafa sýnt fram á skipulagða nýtingu sjávarauðlinda frá landnámi. Við strandlengju bæjarstæðis Bjarnarnes er að finna ummerki um þrjár litlar verstöðvar, tvær eru samtíða en sú þriðja er ögn yngri. Einkenni þessara verstöðva eru um þrjár verbúðir á hverjum stað fyrir sig og í tveimur tilvika voru þar einnig að finna naust. Árið 2022 hófst fornleifarannsókn á Hvítsöndum en þar eru þrjár verbúðir, tvær ílangar og ein nánast ferhyrnd. Voru tvær þeirra rannasakaðar að þessu sinni. Búðirnar voru ólíkar að stærð og lögun. Sú stærri líktist hvað helst lítilli skálabyggingu með eldstæði fyrir miðju og röð stoða meðfram sitthvorum langvegg. Þar hefur um 6-8 manna áhöfn getað dvalið en þó við þröngan kost. Sú minni er nánast ferhyrnt, með einu umfari steina meðfram veggjum, búðin var tvískipt og var hlaðið eldstæði upp við suðurvegg. Þar hafa í mesta lagi tvær manneskjur geta dvalið hlutverk hússins kann að hafa verið eldhús. Auk fornleifauppgrafter voru mældar upp um 30 litlar gryfjur sem kunna að tengjast lýsisframleiðslu

Lykilorð: *Verbúð, sjávarauðlindir, árstíðabundin búseta, Strandir*

Abstract

Marine resources have played an integral role both for economic purposes as well as basic subsistence strategies. Recent studies in Strandir, NW Iceland, indicate that the acquisition of marine resources was highly organized from as early as the settlement period in Iceland (late 9th to 10th century). By the coastline on the farm Bjarnarnes, there are remains of three small fishing stations. Two are contemporary, while the third one might be slightly younger. In 2022, an excavation was conducted at Hvísandar, where there are in total three seasonal booths. Written sources indicate that Hvísandar might be a so-called driftwood station as well as a base for the procurement of other marine resources. Two booths were excavated, one which was semi-rectangular in shape, divided into two spaces with a hearth up against the south wall. The other one was larger and reminded of a very small longhouse with a central hearth. Most likely, it could have housed around six people, while the other one could have housed two but could also have served as a kitchen. As well as conducting the excavation, several pits were noted and surveyed. Although their function is still unknown, they might have been used for melting blubber.

Keywords: *Booth, marine resources, seasonal settlement, Viking Age, Strandir*

Efniyfirlit

Grunnupplýsingar	3
Staðsetningarkort	4
Útdráttur	5
Abstract	5
1 Inngangur	7
2 Markmið og framkvæmd	8
2.1 Aðferðafræði	8
2.2 Gripir	9
2.3 Jarðvegssýni	9
3 Fornleifarannsókn	10
3.1 Fyrri rannsóknir	10
3.2 Svæði A	11
3.2.1 Notkunarskeið I	11
3.2.2 Notkunarskeið II	17
3.2.3 Umræða	19
3.3 Svæði B	20
3.3.1 Notkunarskeið I	21
3.3.2 Notkunarskeið II	31
3.3.3 Umræða	32
3.4 Gryfjur og búð C	33
3.5 Aðrar rannsóknir	35
4 Umræða	35
5 Lokaorð / niðurstöður	39
Heimildaskrá	39
Viðaukar	42
1 Einingaskrá	42
2 Fundaskrá	47
3 Sýnaskrá	48
4 Ljósmyndaskrá	49
5 Matrix	58

1 Inngangur

Hvítsandar eru nyrst á bæjarstæði Bjarnarness á Ströndum. Þar eru þrjár tóftir sem hafa verið túlkaðar sem verbúðir, tvær af þeim voru aldursgreindar árið 2021 og reyndust vera frá 10. öld. Ritaðar heimildir benda til þess að á Hvítsöndum hafi verið nytjastaður þar sem ýmsum sjávarauðlindum hafi verið safnað saman, m.a. rekaviði, sem kann að hafa verið unninn þar. Til að mynda fannst vaðsteinn við könnunarrannsókn árið 2021 sem bendir til línuveiða. Rannsókn fór fram á tveimur svæðum, svæði A og svæði B og var markmiðið að fullgrafa tvær búðir á Hvítsöndum. Helstu rannsóknarspurningarnar sem verkefnið leitast eftir að svara eru hvaða sjávarauðlindir var verið að nytja. Við hvers konar aðstæður bjó fólk sem aflaði auðlindanna? Hversu margir dvöldu þarna að jafnaði?

Eins og fyrri ár hefur verið lögð áhersla á gott samstarf við heimafólk og var fólki boðið að koma og kynna sér rannsóknina. Grunnskólabörn við Grunnskólann á Drangnesi komu í sína árlega vettvangsferð en fyrri ár hafa þau komið og kynnt sér rannsóknina í Sandvík.

Lísabet Guðmundsdóttir stjórnaði rannsókn, sá um úrvinnslu og skýrsluskrif, Morten Ramstad sá um úrvinnslu loftmynda. Auk þess störfuðu fornleifafræðingarnir Lilja Laufey Davíðsdóttir, Morten Ramstad og Dawn Mooney við vettvangsrannsóknina ásamt fornleifafræðinemanum Birni Guðna Guðjónssyni. Okkur til aðstoðar var einnig Bergsveinn Birgisson. Rannsóknin fór fram 4. til 17. september, 2022. Verkefnið er fjármagnað af Fornminjasjóði og er rannsóknin samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Háskólasafnsins í Bergen og Háskólasafnsins í Stavanger. Ég vil þakka landeigendum fyrir að veita okkur leyfi til rannsókna en að auki vil ég þakka Sigurði Skagfjörð fyrir veitta aðstoð.



Mynd 1. Þáttakendur í rannsókninni á Hvítsöndum. Frá vinstri Björn Guðni, Bergsveinn, Morten, Lilja Laufey, Lísabet og Dawn.



Mynd 2. Þáttakendur í fiskibúð, á svæði A. Frá vinstri: Morten, Lilja Laufey, Lísabet, Bergsveinn, Dawn og Björn Guðni.

2 Markmið og framkvæmd

2.1 Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgrftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands (Lucas, Gavin. 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík). Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Í þessari

rannsókn voru öll lög og gripir mældir inn með Trimble alstöð sem var sett upp út frá tveimur þekktum hnítum í Isnet 98 kerfinu. Öll gögn voru færð daglega inn í Qgis, landfræðilegt upplýsingakerfi ásamt grunnupplýsingum um hvert lag. Að auki voru öll gögn sett í uppgraffarforritið Intrasis.

Á meðan á uppgrefti stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaganna og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraffar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)




Figure 1 Example of Harris Matrix
Single context og Harris Matrix (<https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2>)

2.2 Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraffarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripunúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, 2003).

2.3 Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaganna sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

3 Fornleifarannsókn

3.1 Fyrri rannsóknir

Upphaf rannsóknarinnar á Hvítsöndum má rekja til ársins 2018 þegar rannsókn hófst í Sandvík í landi Bæjar. Var um björgunarrannsókn að ræða en þar eru minjar samtíða þeim á Hvítsöndum að hverfa í hafið vegna landbrots. Ári síðar fór fram könnunarrannsókn og skráning minja í landi Bjarnarness, bæjarstæði norðan við Bæ. Leiddi rannsóknin í ljós umfangsmiklar minjar tengdar sjávarnytjum frá elstu tíð í heimatúni Bjarnarness og Búðarvogi (Lísabet Guðmundsdóttir 2020). Árið 2021 voru gerði könnunarskurðir á búðatóftum á Hvítsöndum sem leiddi ljós að búðatóftirnar væru um það bil frá 10. öld (Lísabet Guðmundsdóttir og Morten Ramstad 2022). Því er um að ræða umfangsmikið menningarlandslag sem tengist nýtingu sjávarauðlinda á víkingaöld. Markmið rannsóknarinnar eru margþætt, í fyrsta lagi skera úr um hvenær land var fyrst numið á Ströndum og hvort svæðið hafi upphaflega verið nýtt annars staðar frá eða hvort föst búseta fylgdi nýtingunni frá upphafi. Í öðru lagi að meta hversu stórt hlutverk sjávarnytjar léku á fyrstu áratugum Íslandsbyggðar og hvernig nýting auðlindanna var skipulögð. Auk þessara grunnspurninga er leitast við að skoða aðstæður fólksins sem þarna bjó og starfaði.

Fornleifarannsókn fór fram á tveimur svæðum, svæði A sem var 5x5,5 m á stærð og svæði B sem var 10x8 m.



Mynd 3. Yfirlitsmynd yfir Hvitsanda (mynd tekin í V).

3.2 Svæði A

Á svæði A var nánast ferhyrningslaga tóft, um það bil 5,5 x 4,8 m að utanmáli og 2,6 x 2,5 m að innanmáli. Árið 2021 var gerð kolefnisaldursgreining á kolaðri birkigreini úr eldstæði sem bendir til þess að búðin hafi verið í notkun á tímabilinu 885-987 e.Kr. (95,4%) (Lísabet Guðmundsdóttir & Morten Ramstad 2022). Búðin tók talsverðum breytingum yfir notkunartímabilið og greinilegt að veður og vindur hafa leikið hana grátt á milli notkunarkeiða.

3.2.1 Notkunarkeið I

Á elsta notkunarkeiði búðarinnar er inngangur á austurhlið mannvirkisins. Vestur-, suður- og austurveggir tilheyra torfvegg [170] en norðurhlið hússins tilheyrir torfvegg [171]. Þar sem varðveisla var hvað best var hægt að greina tvö umför af grjóti í vegg en það var að mestu

hrunið. Ennfremur var austurveggur með hvítum sandlinsum í torfi sem bendir til þess að það hafi verið tekið á Hvítsöndum. Hér er ekki um að ræða gott mýrartorf frekar þann efnivið sem nærumhverfi hafði upp á að bjóða.




Mynd 4. Torfveggir fiskibúðar.



Mynd 5. Lilja og Dawn við rannsókn á fiskibúð. Takið eftir öllum smásteinunum í veggnum.

Elstu mannvistarleifar innan búðarinnar eru niðurgreftir, eða holur. Pinnahola [191] er upp við vesturvegg búðarinnar, holan er átta cm á dýpt, botn er oddlaga, hliðar brattar. Fylling [182], var brún á lit, laus í sér. Hóla [190] er um 12 cm á dýpt, með steini í botni, fylling [181] er kolablönduð efst með smávegis af brenndum beinum í en einsleitari þegar neðar dregur. Pinnahola [184] er einnig með elstu mannvistarleifum búðarinnar og líklegast samtíða hinum. Holan er um 8 cm á dýpt, oddlaga og er eldri en elstu greinanlegu gólfög búðarinnar. Holurnar virðast vera samtíða og ekki var neitt augljóst gólfslag sem hægt var að tengja við þær, elstu gólfög lágðu yfir þeim. Ef til vill er um að ræða pinnaholur fyrir stoðir til þess að halda uppi tjaldi yfir búðinni, síðar hefur hún líklegast verið með þaki. Myndi það skýra af hverju engin varðveitt gólfög eru tengd þessu elsta skeiði.




Mynd 6. Elstu mannvistarlögin í fiskibúðinni.




Mynd 7. Elstu mannvistarlögin í fiskibúðinni með loftmynd undir.

Fyrir miðju húsi var grjóthleðsla [147], henni tilheyrðu ílangir steinar, töluvert stærri en steinarnir í veggheðslu búðarinnar. Hleðslan skipti búðinni niður í tvö rými og hefur tilheyrt innvegg sem var 1,7 m á lengd, ekkert augljóst torf var í milliveggnum eða við hann svo að líklegast hefur verið timburþil. Að auki var hleðsla sem lá í austur - vestur og lokaði rýminu að austanverðu að einhverju leyti.

Elstu gólfög búðarinnar voru gólf [186] í suðausturhorni hússins og gólf [172] sem lá meðfram norðurvegg. Lögin eru svipuð en þó herslumunur á þeim. Gólf [186] var laust í sér og er talið að það hafi myndast undir bekk en bæði gólfín eru gráleit, torfkennd með töluverðu af skeljasandi í, ásamt beinum, brenndum og óbrenndum.




Yfir gólflagi [172] var veggheðsla [147] sem skipti búðinni í tvö rými svo að upphaflega var eingöngu eitt rými í búðinni. Ofan á gólflagi [185] og [172] sem var elsta gólflagið í austurrými búðarinnar var gólf [157]. Gólfið var þétt, dökk-rauðbrúnt á lit, kola- og móöskublandað með einstaka litlum steinum í, í laginu fannst bein F#41 og jaspis F#42. Í norðvesturhorni búðarinnar voru lög [156] og [149]. Líklegast er um gólf að ræða, gólf [156] samanstendur af ösku, brenndum beinum og kolum. Lagið var ljósgulbrúnt á lit og í því var eitt bein F#40. Lag [149] samanstóð af torfi og grjóti en í því var járngripur F#39 og bein F#38. Ekki er um augljóst gólf að ræða en líklegast hefur hrúnið úr veggnum en ekki hreinsað á milli ára. Yngsta góflögin á þessum notkunarskeiði eru gólf [143] sem er í sunnanverðri búðinni og gólf [133] sem liggur meðfram norðurvegg. Að öllum líkindum tilheyrir þó gólf [143] yngra notkunarskeiði er búðin var minni.



Eldstæði

Hlaðið eldstæði var í austurrými búðarinnar, upp við suðurvegg. Í botni eldstæðisins var niðurgroftur [180], um 20 cm í þvermál og 6 cm á dýpt, botn var flatur og hliðar lóðréttar nema að norðvestanverðu. Í og yfir niðurgreftinum var sandlag [179] sem í voru litlir eldsprungnir steinar og kol. Eflaust hefur verið lítið niðurgrafið eldstæði upp við vegginn líkt og móaska [176] ber vitni um.



Mynd 13. Elstu eldstæðin í búðinni.



Mynd 14. Eldstæði [176] (mynd tekin í V).

Yfir eldstæði [176] var grjóthlaðið eldstæði [142], en það kom upphaflega í ljós við könnunarskurð árið 2021. Við rannsókn fannst hálfkláraður vaðsteinn en að auki var tekið sýni úr eldstæðinu sem í var koluð birkigrein sem var aldursgreind (Lísabet Guðmundsdóttir og Morten Ramstad 2022).



Mynd 15. Morten við drónamyndatöku árið 2021.




Mynd 16. Eldstæði [142] árið 2021 (mynd tekin í SV).



Eldstæðið var ferningslaga, 55 cm x 55 cm. Að hluta til var grjót úr suðurvegg nýtt í bakhlið eldstæðisins og var milliveggur [147] samtíða. Kynt hafði verið í eldstæðinu með mó og lyngi [141] en að auki voru í því brennd bein.


3.2.2 Notkunarskeið II

Á þessu notkunarskeiði var búðin minnkuð og inngangur færður yfir á norðurhlið, en fyllt upp í inngang að austanverðu með torflagi [123]. Elsta gólfagið á þessi skeiði var líklegast gólf [143] sem fjallað var undir notkunarskeið I. Að auki var norðurveggur endurhlaðinn [132]. Ljóst er að töluvert hefur mætt á norðurveggnum í gegnum tíðina, hann virðist hafa verið lagfærður og endurhlaðinn nokkuð oft en að auki hefur verið traðkað á honum er búðin var stækkuð því að jarðvegur í vegg var mjög blandaður og á köflum virtust vera lög í honum sem minntu á gólf. Til að mynda fannst lítil sylgja úr rostungstönn F#1 í veggnum auk beina F#13.



Í suðausturhorni búðarinnar var torfhrun ásamt grjóthrúgu [126] sem samanstóð að miklu leyti af hnefastórum steinum, sumir virðast vera eldsprungnir og kunna því hafa verið notaðir til þess að hita upp búðina. Í Sandvík var smáhýsi með hlöðnu eldstæði og töluverðum fjölda af eldsprungum steinum á víð og dreif um húsið (Lísabet Guðmundsdóttir 2020, 2021). Nyrst í búðinni var lag [125], grábleikt móöskulag með töluverðu af kolum í og brenndum beinum. Lagið liggur að hluta til yfir vegg en er þó afar gólflegt. Hins vegar var vandasamt að greina norðurvegginn á þessu notkunarskeiði. Ofan á móöskulagi [125] var gólfslag [192], lagið er dökkgrátt, þétt og er gólfslag í inngangi. Lagið var ekki mælt á vettvangi en við úrvinnslu kom í ljós að það greinir sig frá [125] og því var því skipt í tvö lög. Innan búðar var sendið torflag [129], að öllum líkindum torfhrun og áfok sem hefur borist inn í búðina á þeim hluta ársins sem hún var ekki í notkun. En einnig var það trampað og í því bein svo hér kann einnig að vera hrunið torf og veggjamoldir sem trampað hefur verið á. Steinar upp við eldstæði virðast þó ekki vera eingöngu hrun úr vegg svo að ef til vill hefur eitthvað staðið upp við eldstæðið þótt um það sé ekki hægt að fullyrða. Yfir gólfslagi [192] var lag [116] sem samanstóð aðallega af lágbörðu grjóti. Grjótið kann að hafa verið lagt í og fyrir framan innganginn í þeim tilgangi að loka honum og hann aftur fluttur yfir á austurhlið. Ef svo er virðist hann hafa


verið ögn sunnar en elsti inngangur búðarinnar. Blandað lag [104] er einnig yfir gólfi [192], er um að ræða blandað móöskulag með kolum í. Er talið að því hafi verið hent ofan í tóftina eftir að búðin fór úr notkun. Sunnan við lag [116] var torf- og grjóthrun úr norðurvegg en að vestanverðu var torfhrun [105]. Yngstu lög búðarinnar, [103], [102] og [101] voru skilgreind sem torfhrun og sandlög sem mynduðust eftir að búðin fór úr notkun. Yfir allri tóftinni var yfirborðslag [100].



3.2.3 Umræða

Rýmið innan búðar var rétt rúmlega 5 fm á stærð, minna en barnaherbergi í meðalstórrí íbúð í dag. Upphaflega virðist búðin hafa verið eitt rými og var inngangur að austanverðu, ekki voru greinileg gólflög sem tengjast þessu notkunarskeiði en þar voru litlar holur sem gætu verið eftir stoðir fyrir þak eða það sem líklegra er tjald yfir búðinni. Eldstæði var upp við suðurvegg en að litlu leyti niðurgrafið. Síðar er rýminu skipt með þili og var hlaðið eldstæði í austurrými búðarinnar en ekki var eldstæði í því vestara. Kann það að vera vísbending um hlutverk þessara tveggja herbergja. Töluvert var af dýrabeinum í gólflögum sem og í hruni og því getur verið að hér sé um verbúð og eldhús að ræða. En mun meira fannst af dýrabeinum í

Þessari búð en þeirri á svæði B. Í austurrýminu hafi þá verið eldaður matur fyrir sjómenn og -konur en í vesturrýminu kann að hafa verið svefnaðstaða. Inngangur í búðina var færður til, upphaflega var hann á austurgafli en færður yfir á norðurgaflinn, mögulega hefur ríkjandi vindátt breyst og því þótt nauðsynlegt færa dyrnar. Það er mögulegt að á yngsta notkunarskeiði búðarinnar hafi inngangur aftur verið færður yfir á austurgafli en það er óljóst enn sem komið er. Mikið hefur mætt á norðurveggnum, vegna veðurs, vinds og sjógangs og hefur þurft að endurhlaða vegginn margsinnis en einnig virðist búðin hafa verið minnkuð á síðara notkunarskeiði hennar. Ljóst er að ekki hefur verið hægt að koma heilli áhöfn fyrir í búð af þessari stærð og því hafa áhafnir eða það fólk sem starfaði á Hvítsöndum búið í fiskiskálum en tveir slíkir eru á Hvítsöndum (sjá svæði B). Þrátt fyrir að talið sé að búðin hafi að hluta til þjónað sem eldhús tengist hún einnig sjósókn því í henni fundust bæði öngull og vaðsteinn en einnig persónulegur gripur, lítil sylgja sem unnin var úr rostungstönn. Ef til vill hefur hún komið af klæðum eða jafnvel kistli en það er enn óljóst. Gripir úr rostungstönn voru verðmætir sem bendir til þess að þau sem héldu til á Hvítsöndum hafi ekki eingöngu verið af lægstu stigum.



3.3 Svæði B


Svæði B er 10x8 m á stærð en tóftin sjálf er 10x6,8 m að utanmáli. Inngangur í tóftina var að austanverðu.

3.3.1 Notkunarskeið I

Búðin er 10 m á lengd og 8 m á breidd að utanmáli og 6,4 m x 2,9 m að innanmáli. Hún er að nokkru byggð upp við og ofan á gömlum sjávarkambi og hún virðist vera lítillaga niðurgráfin. Torfveggur [148] var um 1,5 m á breidd og var hæð hans um 30-40 cm. Veggir eru að hluta hlaðnir úr uppmokstri tóftarinnar, hvítum skeljasandi og lélegu torfi sem að öllum líkindum hefur ekki verið endingargott.

Stoðarholur

Innan tóftarinnar voru tvær raðir af stoðarholum, fjórar stoðarholur meðfram hvorum langvegg. Flestar voru þær í kringum 20-30 cm í þvermál en við vesturhlið var frekar stór hringlaga niðurgröftur, um 0,9 m í þvermál. Stoðarholurnar voru grafnar ofan í hvítan skeljasand. Stoðarhola [161] var í suðvesturhorni tóftarinnar, hún var nánast kringlótt um 36 cm í þvermál og um 25 cm á dýpt. Fylling [162] samanstóð af lausu sendnu silti, botn var sléttur og hliðar lóðréttar. Norðan við holu [161] var niðurgröftur [189] sem var töluvert stærri en hinar stoðarholurnar en hins vegar í línu við þær. Þvermál holunnar var 90 cm og dýpt 70 cm. Fylling gryfjunnar [188] samanstóð af gráleitu leirkenndu lagi, mjög þéttu í sér en undir þeirri fyllingu var dökkur sandur sem var laus í sér, sérstaklega þegar neðar dró. Þess má geta að undir tóftinni er hvítur skeljasandur svo að fyllingin skar sig mjög úr. Bendir það til þess að komið hafi verið með dökkan sand annarsstaðar að til þess að fylla upp í holurnar. Einstaka fiskbein voru í fyllingunni og í botni var grjót sem virðist hafa verið lagt þar af mannavöldum. Ekki er ljóst hvort holan hafi verið grafin í þessari stærð til þess að koma stoð fyrir eða hvort gryfjan hafi upphaflega haft annað hlutverk. Ef svo er kann stoðaparið [161] og [192] að vera yngri en hin stoðapörin, hins vegar var ekki hægt að greina það út frá jarðlagasamhenginu. Síðar var fyllt upp í gryfjuna og í fyllingunni mátti greina yngri stoðarholu [158]



Mynd 26. Eldri stoðarholupörin.

Mynd 27. Yngri stoðarholupörin.

Um 1,2 m norðan við gryfjuna var stoðarhola [166] og í henni fylling [165]. Í fyllingu holunnar var laus sandur og grjót, líklegast þúkk við stoðina. Þvermál holunnar var 48 cm og dýpt 33 cm, hliðar voru nánast lóðréttar og botn holunnar ávalur. Um 1,1 m norðan við fyrrnefnda holu var stoðarhola [167] og í henni fylling [168], holan var ílöng, um 38 x 26 cm og dýpt var 30 cm. Hliðar voru aflíðandi að sunnanverðu en annars lóðréttar, botn var ávalur. Fylling samanstóð af dökkum lausum sandi. Um 0,8 m austan við fyrrnefnda stoð var stoðarhola [170] og í henni fylling [169], holan var kringlótt, um 16 cm í þvermál og dýpt var 15 cm. Fylling samanstóð af fokmold og sandi. Þessi hola voru töluvert minni en aðrar stoðarholur í tóftinni sem tilheyrðu þessu byggingarskeiði. Um 1,3 m sunnan við holu [170] er stoðarhola [164] og í henni fylling [163], þvermál holunnar er um 36 cm og dýpt 25 cm. Hliðar eru aflíðandi og botn nánast sléttur. Um 1,5 m sunnan við fyrrnefnda holu var stoðarhola [192] með fyllingu [186], holan sjálf var um 15 cm í þvermál og 10 cm á dýpt en fyllingin var ílöng og um 45 x 23 cm og náði töluvert út fyrir barma holunnar, en ofan í holunni sjálfri var stærð sú sama. Fyllingin samanstóð af þéttu sendnu silti með bleikum mööskuflekkjum. Sunnan við fyrrnefnda holu, í suðausturhorni mannvirkisins var stoðarhola [160] og fylling [159], fyllingin var dökk og þétt með smávegis af kolum í. Stærð holunnar

var 25 x 16 cm og 28 cm á dýpt, hliðar voru lóðréttar og botn oddlaga. Á milli stoðarhola [162] og [152] var hella sem kann að hafa verið notuð sem stoðarsteinn á einhverjum tíma.

Sunnan við stoðapar [166] og [164] er stoðapar [109] og [174], eru þær yngri en fyrrnefndu holurnar, en geta þó hafa verið notaðar samtímis, annaðhvort til þess að styrkja þak eða einhver tilfærsla hefur verið á stoðunum við lagfæringu. Þvermál holanna var 17 cm og dýpt um 20 cm. Fylling var laus í sér og samanstóð nánast eingöngu af sandi.



Mynd 28. Loftmynd af fiskiskála eftir að fylling í stoðarholum var fjarlægð.

Gólfög

Gólfög mannvirkisins voru í flestum tilvika þunnar linsur, lausar í sér og móöskublandaðar. Elstu gólfögin lágu beint ofan á hvítum skeljasandi, líklegast er að einhver gróður hafi verið þegar húsið var upphaflega reist en það var þó ekki hægt að greina merki um hann. Eitt af elstu gólfögnum var í norðurenda hússins, gólf [178]. Lagið var laust í sér, bleikt á lit, nánast eingöngu móöskudreif sem í voru kol og brennd bein. Sunnan við gólfag [178] var gólf [173], liggur það upp við austurvegg, var það blandað en samanstóð af sóti, móösku og kolum. Var það um 3-4 cm á þykkt. Yfir gólfi [173] var móöskulag eða dreif [151], sem fer að nokkru ofan í gryfju [152]/[188] en liggur þó ofan á fyllingunni. Lagið er brúnbleikt og í

eru kol og brennd bein. Syðst í tóftinni er gólflag [150], eitt af elstu gólflögnum í húsinu sem liggur beint ofan á hvíta skeljasandinum. Lagið er mjög þunnt, bleikbrúnt á lit, í því er móaska, kol og brennd bein. Í raun má lýsa því sem móöskudreif.

Upp við austurvegg var gólflag [144] sem samanstóð aðallega af móösku, en í voru kol og brennd bein. Fyrir miðri byggingu var eldstæði [131] sem var nánast kringlótt, um 0,5 m í þvermál og yngra eldstæði [130] ofan á því (sjá umfjöllun um eldstæði í næsta hluta). Í norðurhluta mannvirkisins var torfkennt, þétt lag [139], dökkbrúnt á lit með einstaka kolum. Líklegast er um að ræða gólflag fremur en torfhrun og þó sennilegast um hvortveggja að ræða.




Mynd 29. Gólflag [173] (mynd tekin í S).



Mynd 30. Gólflag [144] (mynd tekin í A).



Mynd 31. Gólf [150], (mynd tekin í N).



Tvö stór hvalbein með skurðarförum voru í laginu, F#29 og F#30. Þau voru fyrir norðan eldstæðið svo að ef til vill voru þau nýtt sem set við eldinn. Upp við vesturvegg var lag [128],

líklegast torfhrun en þar sem veggir eru úr svo lélegu efni er erfitt að greina á milli, lagið er laust í sér en í því eru kol, brennd viðarfjöl og hvalbein. Hér gæti verið lag sem hefur myndast undir bekk en brennda fjölin gæti bent til þess. Að nokkru undir lagi [128] í suðurenda búðarinnar er torfkennt þétt lag [120] sem einnig hefur verið túlkað sem gólflög. Í gólfinu fannst nagli og bein. Gólflög [118] er austan við gólf [128], samtíða því, gráleitt, nánast eins og það sé leir í því. Laginu svipar einnig til fyllingar [188] í gryfju.

Gólflög í fiskiskála voru flest þunn og mörg hver óljós, inni á milli mátti greina þunn sandlög en þau voru ekki mæld upp sérstaklega.



Mynd 34. Hvalbein í fiskiskála (mynd tekin í S).



Mynd 35. Skurðir í öðru hvalbeininu.



Mynd 36. Morten Ramstad heldur á öðru hvalbeininu.

Eldstæði


Fyrir miðju húsi voru eldstæði, það elsta [131] samanstóð að mestu af móösku ásamt hellum í botni. Eldstæðið var nánast kringlótt, 43 cm í þvermál. Í eldstæðinu var móaska, sót, kol og örfá brennd bein. Fyrir ofan eldstæði [131] og aðeins norðar var eldstæði [130], var það töluvert umfangsmeira en hið fyrrnefnda, um 140 cm á lengd og 70 cm á breidd og voru eldsprungar hellur í botni auk hnefastórra lábarðra steina fyrir miðju. Minnir eldstæðið helst á langeld sem iðulega eru tengdir við skálabyggingar.




Mynd 37. Hellur í eldstæði [130] (mynd tekin í SA).




Mynd 38. Móaska [131] í eldstæði fyrir miðri búð (mynd tekin í NV).



Mynd 39. Eldstæði [131].



Mynd 40. Eldstæði [130].




Mynd 41. Eldstæði [113].

Yngsti hluti eldstæðisins var 60 x 50 cm á stærð, samanstóð það af flötum eldsprungnum hellum [114], yfir var kolalag [113] og undir svart sótarlag [115].



Mynd 42. Eldstæði [113] (mynd tekin í N).

Eins og gefur að skilja var margoft kveikt upp í þessum eldstæðum og í raun er hér um að ræða tilfærslur á einu og sama eldstæðinu. Það hefur tekið breytingum því að hellur hafa verið lagðar á nýjan leik og umgjörð örlítið breytt. Enn yngra eldstæði var að finna í norðvesturhorni hússins en greinilega eftir að mannvirkið fer úr notkun, eldstæðið er ofan á torfhruni úr byggingunni. Tóft búðarinnar hefur verið nýtt á einhverjum tíma, ef til vill hefur verið tjaldað yfir, en það kann þó einnig að vera um einstakan atburð að ræða.



Mynd 43. Yfirlitsmynd af eldstæði [110] (mynd tekin í S).



Mynd 44. Nærmynd af eldstæði [110] (mynd tekin í S).


Inngangur

Inngangur var sunnarlega á austurhlið búðarinnar, breidd hans var um 0,6 m. Gólfög í inngangi voru töluvert þykkari en inni í búðinni sjálfri, eflaust vegna meiri umgangs. Elsta gólfið í inngangi var gólf [145], blandað móöskulag, brún-bleikt á lit, í laginu voru kol og brennd bein auk hinnum af skeljum. Yfir því var gólf [138], þétt, brúnt til grá-bleikt á lit, móöskublandað, náði gólfið töluvert inn í búðina en var þó frábrugðin gólfögum innanbúðar. Gólf [136], [135] og [127] var hægt að aðgreina út frá lit og samsetningu. Gólf

[136] var dökkt og þétt, sendið silt og var í mikið af kolum og brenndum beinum. Gólf [135] var móöskublandað að auki var þar einnig að finna brennd og óbrennd bein ásamt járngríp, lá það að litlum öskuhaugi sem var fyrir utan búðina. Yngsta lagið í inngangi var gólf [127], þétt, dökkbrúnt á lit, lífrænt. Töluvert var af beinum og kolum í laginu.



Mynd 45. Bergsveinn og Morten ásamt inngangi. (Mynd tekin í vestur).





Mynd 49. Gólflag [127] í inngangi (mynd tekin í V).



Mynd 50. Hvalbein (F#11) í inngangi (mynd tekin í S).

Öskuhaugur var afar þunnur og ekki reyndist unnt að greina á milli laga í honum og því er hann undir einu númeri [124], öskuhaugurinn samanstóð nánast eingöngu af móösku en varðveisla beina var afar léleg.

3.3.2 Notkunarskeið II

Í raun er ekki mikil breyting á húsinu sjálfu en ljóst er að á einhverjum tímapunkti á sér stað tilfærsla á stoðum sem er ekki óalgengt, sérstaklega á húsum sem voru notuð árstíðabundið.



Yfir tóftinni var yfirborðslag [106], að mestu sandur ásamt fokmold. Undir yfirborðslagi var torfhrun [107], líklegast þakhrun en trúlega er einnig um veggjatorf að ræða. Torfið var brúnt, einsleitt og sendið. Í norðvesturhorni tóftarinnar í torfhruninu var eldstæði [110] með móöskufyllingu. Eldstæðið var nánast kringlótt um 0,9 x 0,8m og dýpt um það bil 4-5 cm. Virðist það hafa verið í notkun eftir að húsið var hrunið að mestu, svo að líklegast hefur tóftin verið notuð einstaka sinnum sem athvarf en ekki er hægt að álykta á hvaða tímabili það hefur verið.

3.3.3 Umræða

Mannvirkið sem rannskað var á svæði B var frábrugðið öðrum sjóbúðum sem hingað til hafa verið rannskaðar.¹ Mannvirkið er að lögun eins og skáli og með eldstæði eða litlum langeldi fyrir miðju húsi. Stoðir voru meðfram langhliðum, í allt fjórar stoðir við hvora hlið. Þess ber

¹ Sjá t.d. Lilja Björk Pálsdóttir og Frank Feely, 2017.

að geta að afar stutt er að fara til þess að sækja rekaviðardrumba í húsbygginguna. Vegna fjölda og umfangs stoðarhola veltum við fyrir okkur þeim möguleika að það hafi verið loft í húsinu, annað hvort svefnloft eða geymsla, en það eru getgátur einar enn sem komið er. Ummerki eru um timburbekk upp við austurvegg mannvirkisins en hann hefur að hluta til brunnið sem leiddi til þess að viðurinn varðveittist. Inngangur var á vestri langhlið, skammt frá suðurhorni hússins og fyrir utan var lítill öskuhaugur.

Hvalbein var upp við vegg í inngangi en að auki voru naglar, líklegast bátasaumur, í gólfum. Gólfög náðu aðeins út fyrir dyr og var öskuhaugur við suðvesturhorn hússins skammt frá inngangi. Öskuhauguri var lítill og lög fremur þunn í honum, var aðallega um að ræða móösku, kol og brennd bein.

Lögun sjóbúðarinnar og uppbygging minnir einna helst á skálabyggingu þó ekki sé um hefðbundinn skála að ræða. Í Grágás er gerður greinarmunur á fiskibúð og fiskiskála (Grágás 2001) og spurning er hvort þær byggingar hafi verið mismunandi að gerð eða hvort aðrar ástæður séu fyrir nafngiftinni. Gripir voru fáir, helst er að nefna unnin hvalbein, járnagla, og verkfæri með viðarhandfangi og járnstaut, verkfærið líkist einna helst sýl.



Mynd 53. Lilja, Lisabet og Bergsveinn við uppgröft á verkfæri.



Mynd 54. Mögulegur sýll úr fiskiskála.


3.4 Gryfjur og búð C

Á Hvítsöndum eru víða dokkir sem kunna að vera gryfjur. Þessar gryfjur eru misjafnlega stórar en allt frá 2 m til 0,5 m í þvermál. Hlutverk þeirra er enn sem komið er ekki þekkt en talið er að þær geti verið kolagrafir eða tengst lýsisbræðslu en ein slík gryfja hefur verið rannsökuð í Sandvík (Guðmundsdóttir 2021). Að auki voru fimm áþekkar gryfjur skráðar í Búðarvogi árið 2019 (Guðmundsdóttir 2020). Á Hvítsöndum eru þær hins vegar mun fleiri, eða í heild 33. Ef þetta reynast vera lýsisbræðslugryfjur verður að teljast líklegt að hér sé um

að ræða athafnasvæði þar sem megináhersla er lögð á lýsisframleiðslu fremur en til dæmis fiskveiðar. En stutt er í sker þar sem til að mynda selir halda til. Það þarf hins vegar að staðfesta með frekari rannsóknum hvert hlutverk gryfjanna er.²

Auk búðanna tveggja sem rannsakaðar voru á þessu uppgraftartímabili er ein búð órannsökuð en hún er áþekkt að stærð og lögun og fiskiskálinn svo hér er trúlega um að ræða annan fiskiskála. Ef þeir eru samtíða kunna tvær áhafnir hafa starfað að staðaldri á Hvítsöndum og ljóst er að það hefur þurft að hafa fólk í landi til þess að verka aflann og sinna bræðslu.

Rétt fyrir neðan búð C hefur verið grafið í gegnum malarhrygg sem liggur meðfram strandlengjunni. Hér kann að hafa verið landing og hróf en ekki eru ummerki um naust á svæðinu. Enn fremur er ekki ljóst hvenær þessi gröftur hefur átt sér stað.



Mynd 55. Gryfjur og mögulegar gryfjur á Hvítsöndum. Línurnar fyrir miðju sýna hvar grafið var í gegnum malarhrygginn.



Mynd 56. Gryfjur ásamt fiskiskála C með loftmynd undir.

² Upplýsingar um lýsisbræðslu og samantekt á stöðu rannsókna má lesa í Árbók hins íslenska fornleifafélags (Lísabet Guðmundsdóttir 2023).

3.5 Aðrar rannsóknir

Rannsókn á efniviðnum úr Hvítsöndum er enn ólokið. Greining á dýrabeinum er langt á veg komin en grunn-greining bendir til þess að fólk á Hvítsöndum hafi haft borðað tiltölulega fjölbreytt fæði. Það át kinda- og svínakjöt auk dýraafurða sem hægt var að nálgast í nágrenninu. Að auki fundust hvalbein í báðum búðum, þau voru heldur stærrí í fiskiskálanum en í fiskibúðinni. Mögulega var hvalspik notað til þess að framleiða lýsi og beinin leifar úr því ferli. Sem stendur eru beinin í DNA-greiningu og verður hægt að greina hvaða hvaltegundir voru nytjaðar á Ströndum. DNA-rannsóknin er hluti af verkefninu *Assessing the Distribution and Variability of Marine Mammals through Archaeology, Ancient DNA, and History in the North Atlantic* sem er stjórnað af Vicki Szabo.³ Að auki eru svínabeinin, sem fundust á Hvítsöndum, hluti af efniviðnum sem rannsakaður er í verkefninu *Svínasaga: The Use of Pigs during the Settlement Period* sem Grace Ceecario stendur fyrir.⁴ Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvað svín á þessum tíma átu, þ.e. átu svínin á Ströndum aðallega sjávarfang?

4 Umræða

Á Bjarnarnesi eru umfangsmiklar minjar sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda nánast frá landnámi og fram á 20. öld. Enn hefur ekki verið unnt að greina hvenær föst búseta hófst á Bjarnarnesi en í heimatúni er naust auk búða upp við það. Því er talið að Bjarnarnes hafi upphaflega verið nytjastaður þar sem sjávarauðlindir á borð við hval, sel, fugl, fisk og viðarreki voru sóttar og verkaðar. Föst búseta er því yngri en árstíðabundna búsetan. Sjávarauðlindirnar kunna þó að hafa verið í eigu fárra einstaklinga. Skalla-Grímur var víða með bú þar sem mann undir hans stjórn sóttu auðlindir bæði á sjó og á landi (ÍF II 1933). Að auki eru vísbendingar um svipað kerfi á Norðurlöndum. Í Danmörku var höfðingja að nafni Hrólfur, sem uppi var á 8. eða 9. öld, og hafi stjórnað stórum svæðum bæði til sjávar og sveita og þeim auðlindum sem þeim. Í því tilviki er átt við náttúrulegar auðlindir utan túns eins og skóglendi til framleiðslu á kolum og timbur til skipasmíða, rauða til járnvinnslu og auðlindir úr hafi (Sindbæk, 2011). Slík dæmi eru einnig þekkt frá Noregi þrátt fyrir að ekki sé hægt að tengja þau við ákveðna einstaklinga (Rosvold o.fl. 2019; Øye, 2002; Tveiten &

³ Rannsóknin er styrkt af National Science Foundations sjá hér: https://www.nsf.gov/awardsearch/showAward?AWD_ID=1503714&fbclid=IwAR0qdt_klT3C-M4qg5y18U4piMyGbvD3ATcuZNX4pZpy7_YdNeo1FM3udBU

⁴ Rannsóknin er styrkt af Fornminjasjóði.

Loftsgarden, 2017; Bertelsen, 2005; Nilsen, 2017). Stjórn og eignarhald á náttúrulegum auðlindum hefur að öllum líkindum verið það sem dró fólk hingað til lands á 9. öld (Orri Vésteinsson ofl. 2002; Bergsveinn Birgisson 2016). Til landsins hafa að einhverju leyti sótt einstaklingar í leit að auði og ævintýrum þrátt fyrir að því fylgdi áhætta. Í því samhengi hafa Strandir með öllum sínum auðlindum getað gegnt miklu hlutverki. Upp í hugann koma fleyg orð rapparans 50 cent: *Get rich or die tryin'*.

Eins og áður hefur komið fram er eitt af markmiðum rannsóknarinnar að átta sig bæði á stóra samhenginu, þ.e. landnámi og auðlindanýtingu á Norður-Atlantshafssvæðinu og því smáa, til að mynda hvernig litla sylgjan endaði í gólfi búðarinnar. Týndist hún eða var henni hent þegar kvarnast hafði úr henni? Var sylgjan framleidd hér á landi, mögulega á Ströndum? Hverjar voru aðstæður fólksins sem þarna bjó og starfaði? Þáttur í þessari viðleitni var að setja stoðir á nýjan leik í stoðarholurnar. Á Hvítsöndum er gnægð reka svo að ekki þurfti að leita langt yfir skammt til þess að nálgast sæmilegar stoðir í húsið. Líklega átti það sama við fyrir tæpum 1100 árum. Það tók þó nokkrar tilraunir að finna réttu drumbana og svo var þeim haganlega komið fyrir í holunum, og jarðvegi þjappað vel að þeim. Við tókum eftir því að upp við sumar stoðarholurnar voru steinar, frá 3-8 cm á stærð sem við höfum ekki gefið gaum. Hins vegar komu þeir að góðum notum við að skorða stoðirnar betur og halda þeim stöðugum. Kom þá í ljós skýring á tilvist þeirra. Að lokum settum við hellurnar úr eldstæðinu aftur á sinn stað. Gaf þessi tilraun okkar kost á að upplifa rýmið með allt öðrum hætti en gengur og gerist við fornleifarannsóknir. Búðin er 13 fm á stærð að innanmáli, þegar við bætast stoðir og eldstæði leiðir það til þess að maður þarf að hreyfa sig með allt öðrum hætti innan rýmisins, sem virðist enn smærra og þrengra fyrir vikið. Ekki er ljóst hversu margt fólk hefur búið hverju sinni í búðinni en um leið og tvær manneskjur voru í rýminu í einu, hvað þá þrjár, finnur maður glöggt hversu þröngt það er og nándin mikil. Það leiðir hugann að því hversu mikilvægt er að fólki sem býr og starfar saman við þessar kringumstæður komi sæmilega vel saman og það ríki traust. Svo ekki sé minnst á lífshættulegar aðstæður sem geta skapast á sjó. Í *Laxdæla sögu* er skrifað um hversu mikilvægt var að velja fólk til starfa í útverum sem átti skap saman.

„Veidistoð sú liggir á Breiðafirði, er Bjarneyjar heita; þær eyjar eru margar saman ok váru mjok gagnauðgar. Í þann tíma sóttu menn þangat mjok til veiðfangst; var ok þar fjolmennt mjok ollum missarum. Mikit þótti spokum monnum undir því, at menn ætti gott saman í útverjum; var þat þá mælt, at monnum yrði ógæfra um veiðifang, ef missáttir yrði; gáfu ok flestir menn at því góðan gaum.“ (ÍF V, 1934, bls. 29)

Eflaust hefur þessi viska verið höfð í huga þegar fólk var valið til starfa á Hvítsöndum og víðar þó alltaf megi búast við einhverjum átökum. Liður í því að halda fólki sátu hefur eflaust verið góður húsakostur og staðgott fæði. Það er vel hægt að yfirfæra þessa speki yfir á fornleifafræðinga sem þurfa oft á tíðum að starfa lengi saman við fornleifauppgröft auk þess að búa saman, þó við mun betri aðstæður og minni hættu en fólk í verum. En við þekkjum vel hvað aðstæður geta orðið erfiðar ef ágreiningur kemur upp á milli fólks.

Rannsóknin á Hvítsöndum hefur aukið skilning okkar á árstíðabundinni búsetu við hafið. Búseta sem er langt því frá að vera einföld eða áþekkt á milli landshluta, hvað þá innan sama bæjarstæðis. Sýnir það hversu takmarkaða þekkingu við höfum á búsetuháttum sem tengjast ekki landbúnaði. Framtíðarmarkmið er að rannsaka staði á borð við Búðarvog sem er um 0,5 km sunnan við Hvítsanda en þar er einnig að finna árstíðabundna búsetu frá sama tímabili. Auk þess á að aldursgreina búðir í heimatúni Bjarnarness sem og bæjarstæði í Kotvík. Enn er ósvarað hvaða hópur stjórnaði, átti og dreifði auðlindunum sem aflað var á svæðinu, spyrja má hvort stjórnendur hafi tekið þátt í því að afla auðlindanna eða hvort fólki var dreift á útstöðvarnar (Bergsveinn Birgisson 2016, Orri Vésteinsson ofl. 2002).



Mynd 57. Rekadrumbar voru settir á nýjan leik í stoðarholurnar til þess að átta sig betur á rýminu innanbúðar.



Mynd 58. Dawn og Lísabet ylja sér við langeldinn.



Mynd 59. Dawn setur rekastoð aftur í stoðarholuna.



Mynd 60. Búð C og fiskiskálinn í febrúar 2023.



Mynd 61. Fiskiskálinn í vetrarbúningi.

5 Lokaorð / niðurstöður

